



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. nóvember 2012

Efni: Þingsályktunartillaga um bætt skattskil

Samtök ferðaþjónustunnar taka sannarlega undir ofangreinda tillögu enda hafa samtökin í áraraddir óskað eftir því að ríkisvaldið taki af einhverri alvöru á þessu mikla þjóðfélagsmeini sem skekkir alvarlega samkeppnisstöðu í atvinnulífinu.

Mikilvægast er að skattar séu hóflegir en það er víst að við skattahækkanir eykst vilji fólks til að komast hjá þeim. Það kom því ferðaþjónustunni mjög á óvart að í miðri umræðunni um mikil undanskot frá sköttum í ferðaþjónustu lagði ríkisstjórnin til að nær fjórfalda virðisaukaskatt á gistingu og stórhækka vörugjöld á bilaleigur. Það er því verið að hækka skatta á þau fyrirtæki sem fara jafnan að lögum og reglum og stórbæta samkeppnisstöðu þeirra sem gera það ekki.

Samtök ferðaþjónustunnar gerðu í upphafi árs 2011 úttekt á framboði gistirýmis á nokkrum landssvæðum. Niðurstöður reyndust sláandi og vöktu mikla athygli. Framboð gistirýmis án rekstrarleyfa á höfuðborgarsvæðinu reyndist vera 1.238 rúm sem er meira framboð en á tveimur stærstu hótélunum í Reykjavík. Á Akureyri og Reykjanesi reyndist 30% gistirýmis leyfislaus. Síðan þá er talið að framboð leyfislauss gistirýmis, sérstaklega í Reykjavík, hafi stórauðist. Samtökin geta þó ekki tekið að sér þetta eftirlitshlutverk hins opinbera til framtíðar. Það sem kom okkur á óvart var hversu áhugalausir leyfisveitendur reyndust þegar þeim voru sendar þessar upplýsingar og þau vettlingatök sem viðhöfð voru. Það eru heimildir í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til að loka leyfislausum gististöðum en það virðist aldrei gert.

Það er farið að reyna verulega á langlundargeð þeirra sem fara að lögum og reglum.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri